

Digranesvegi 1
Kópavogur

Kópavogi, 10. febrúar 2026
25021357/303.00 AKÓ

Efni: Ágrip – Svör við tillögum af Barnaþingi Kópavogs 2025

Svör við tillögum af Barnaþingi Kópavogs 2025 er lagt fram til kynningar fyrir menntaráð. Barnaþing Kópavogs er árlegur vettvangur fyrir nemendur í 5.–10. bekk í grunnskólum Kópavogs, til að koma sjónarmiðum og hugmyndum sínum á framfæri og styrkja lýðræðislega þátttöku barna í anda Barnasáttmálans.

Í svörum við tillögum Barnaþings 2025 kemur fram að Kópavogsbær muni halda áfram að þróa þjónustu með hliðsjón af þörfum barna, meðal annars með því að skoða og eiga samtal um tillöguna frítt í Strætó fyrir öll börn, skoða leiðir til að tryggja að öll börn hafi aðgengi að morgunmat í grunnskólum Kópavogs, og auka hreyfingu yfir skóladaginn. Einnig verður unnið áfram með hugmynd um sérstaka hátíð í anda Skrekks í samstarfi við grunnskóla, félagsmiðstöðvar og ungmenningaráð.

Svör við tillögunum endurspeglar vilja bæjarins til að tryggja gegnsætt ferli þar sem raddir barna hafa raunverulegt vægi í þróun þjónustu og að þau hafi áhrif á sitt umhverfi og samfélag.

Virðingarfyllt,

Amanda K. Ólafsdóttir
Skrifstofustjóri, menntasviðs

